

1257. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. janúar 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Viðar Ingason, hagfræðingur VR.

Næsti fundur: 14. febrúar 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fólk velkomið. Ragnar lagði til breytingar á áður auglýstri dagskrá, umfjöllun um skýrslu Kjaratölfræðinefndar verði bætt við dagskrána sem liður #2. Aðrir liðir færast til í dagskránni í samræmi við það. Enginn andmælti þessari breytingu.

1. Fundargerð 1256. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1256. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla Kjaratölfræðinefndar

Fyrir fundinum lá skjalið „Kynning KTN haustskýrsla 2023_VR“ til kynningar.

Viðar Ingason, hagfræðingur VR, kynnti helstu atriði í haustskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2023 á glærum. Viðar benti á að skýrslan taki mið af kjarasamningalotum en ekki almanaksárinu en yfirstandandi kjaralota er skilgreind frá nóvember 2022. Samanburður er erfiður þar sem kjarasamningar koma til á mismunandi tímamarki. Talnaefni í skýrslunni miðar almennt við tímabilið nóvember 2022 til júlí 2023 og launastig miðar við maí 2023. Öll efnahagsumfjöllun tekur mið af stöðunni í dag, sagði Viðar.

Viðar benti á að vægi ASÍ í umfjöllun væri 50% þegar litið er til alls vinnumarkaðarins og 63% þegar eingöngu er litið til hins almenna. Kjarasamningar á almenna og opinbera markaðnum, frá nóvember 2022 og apríl 2023, byggðu á blandaðri leið, almennt var um að ræða 6,75% launahækkun með 66 kr. þaki.



Viðar fór því næst yfir launaþróun í yfirstandandi kjarasamningalotu, vísitölu grunntímakaups. Þar sést að mesta hækkun á tímabilinu var á almenna markaðnum. Þegar hækkun grunntímakaups eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks er skoðuð sést að hækkun LÍV félaga er minnst á hinum almenna markaði.

Á tímabilinu 2019 til 2022, á tíma Lífskjarasamningsins, má sjá að breyting á grunntímakaupi er misjöfn eftir hópum en þar er bæði um að ræða hækkun launa og hækkun vegna vinnutímastyttingar. Mesta hækkunin var hjá Reykjavíkurborg, þar sem vinnutímastytting skilaði jafnframt mesta ávinningi, en minnst var hún á almenna markaðnum. Þá sýnir skýrslan að launadreifing er mjög misjöfn. Sjá skýrsluna á ktn.is

Umræður.

Í umræðum kom fram ósk um að stjórn fengi upplýsingar um launaþróun eftir störfum og tekjuhópum innan VR til frekari samanburðar.

Að loknum umræðum yfirgaf Viðar fundinn kl. 18:15.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fór yfir stöðu kjaraviðræðna frá síðasta fundi samninganefndar VR og sagði fyrstu viðbröð Samtaka atvinnulífsins við tillögum breiðfylkingar verkalýðsfélaganna hafa verið vonbrigði í ljósi þess hversu jákvæð orðræðan hefur verið í aðdraganda viðræðnanna. Komið hafi fram athugasemdir við tillögur um stíf forsenduákvæði hvað varðar vaxtalækkun og launaliðinn. Fundurinn í dag [10. janúar 2024] hafi hins vegar verið á jákvæðari nótum. Sérfræðingar verkalýðsfélaganna muni funda aftur á morgun og fyrirhugað er að halda annan samningafund á föstudag [12. janúar 2024].

Ragnar sagðist búast við viðbrögðum stjórnvalda við tillögum verkalýðshreyfingarinnar eftir helgi, þar sé jafnframt áhugi á að stíga inn í umönnunarbilið með aðgerðir, mögulega í samningum við opinberu félögin.

Umræður.

4. Úthlutunarreglur Blævar

Fyrir fundinum lá skjalið „Úthlutunarreglur Blævar janúar 2024“ til afgreiðslu.



Bjarni Þór Sigurðsson kynnti drög að úthlutunarreglum sem hafa þegar verið kynntar fyrir stjórn og voru í kjölfarið kynntar á fundi trúnaðarráðs. Á þeim fundi komu fram ýmsar athugasemdir sem húsnæðisnefnd hefur fjallað um.

Umræður.

Eftir umræður voru drögin lögð fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

5. Tillögur að lagabreytingum

Fyrir fundinum lágu skjölin „Lög VR með kynjahlutleysi“ og „Tillögur að lagabreytingum á lögum VR 2024“ til afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, kynnti tillögur laganefndar í fjarveru Kristjönu Þorbjargar Jónsdóttur, formanns nefndarinnar. Um er að ræða tvískiptar tillögur. Fyrri tillögur miða að því að gera löginn kynhlutlausari. Ef tillögurnar verða samþykktar kallar það á samsvarandi breytingar á reglugerðum sjóða félagsins.

Sjá skjalið „Lög VR með kynjahlutleysi“ í máli fundarins en það skjal er með merktum breytingum hvað varðar kynjahlutleysi.

Ragnar Þór lagði til að þessar tillögur verði samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða í atkvæðagreiðslu.

Stefán sagði að laganefnd væri jafnframt að skoða útfærslu á kynjafléttu í stjórnarkjöri ljósi þess að skilgreind kyn eru fleiri en tvö.

Þá kynnti Stefán tillögu að einni orðalagsbreytingu þar sem orðið vefsíða verði notað í stað heimasíða og er þessi tillaga í sama skjali og tillögur um kynjahlutleysi.

Tillagan var lögð fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

Þá kynnti Stefán tillögur að öðrum breytingum sem varða kynningu á framboðum og fundum. Tillögurnar eru sem hér segir:

Tillaga 1.

Gr. 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð, 2. mgr.

„Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.“



Verður

„Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsfólki sem vill taka sæti á listanum.“

Tillaga 2.

Gr. 20.3. Um framkvæmd kosninga, 3. mgr.

„Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins.“

Verður

„Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt.“

Tillaga 3.

Gr. 23. Aðalfundur, 1. mgr.

„Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara.“

Verður

„Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með 10 daga fyrirvara.“

Tillaga 4.

Gr. 25. Félagsfundur, 1. mgr.

„Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara.“

Verður

„Fundur telst lögmætur sé hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst tveggja daga fyrirvara.“

Í greinargerð með tillögunum segir að þær séu gerðar í ljósi mikilla breytinga á fjölmiðlum og möguleikum á að ná til félagsfólks. Í lögum VR sé kveðið á um að auglýsa skuli atkvæðagreiðslur og fundi á vef VR en einnig í blöðum og/eða útvarpi. Í dag er einungis eitt dagblað á landinu sem er að auki áskriftarblað. Sá vettvangur er þannig ekki almennur vettvangur fyrir auglýsingar félagsins. Það er mat þróunarsviðs að auglýsingar í blöðum og útvarpi skili sér síður til félagsfólks en auglýsingar á vef og samfélagsmiðlum.

Umræður.

Tillögurnar lagðar fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða.

Stefán kynnti tillögu að breytingu á 14. gr., 2. mgr. laga VR en í tillögunni er kveðið á um að stjórn nýstofnaðs Ungliðaráðs VR eigi sjálfkrafa rétt til setu í trúnaðarráði félagsins en í stjórn ráðsins sitja sex fulltrúar félagsfólks á aldrinum 18 – 35 ára.

Tillagan er svohljóðandi:

Tillaga 5.

Gr. 14. Trúnaðarráð

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar og varastjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“

Verður

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, **stjórnar ungliðaráðs VR**, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k. 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.“

Umræður.

Tillagan var lögð fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

Þá kynnti Stefán tillögu um breytingu á lögum félagsins sem fjallar um hverjir megi skuldbinda félagið.

Í greinargerð með tillögunni segir að stjórn VR hafi ávalt fylgt þeirri reglu að meirihluta stjórnar þurfi til að skuldbinda félagið. Fram hafi komið athugasemdir þegar verið sé að þinglýsa skjölum að ef vantar eitt nafn á umboð verði allir stjórnarmenn að skrifa undir þar sem ekkert komi fram í lögum félagsins hvað þurfi margt stjórnarfolk til að binda félagið. Lagt er til að inn í löginn komi eftirfarandi setning: „Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.“

Ekki er um að ræða breytingu á áralangri framkvæmd heldur er verið skýra í lögum félagsins að meirihluta stjórnar þurfi til að skuldbinda félagið eins og verið hefur.

Tillagan er svohljóðandi:

Gr. 10. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.



Verður

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verzlunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kys sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. **Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.**

Umræður.

Tillagan var lögð fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

6. Lestur og kostnaður við VR blaðið og dagatal

Fyrir fundinum lá skjalið „VR blaðið og dagatal VR“ til kynningar.

Stefán fjallaði fyrst um dagatal VR en það er gefið út í þrjú þúsund eintökum og dreift til trúnaðarfólks félagsins og félagsfólks. Mikill áhugi er á dagatalinu og eftirspurn. Stjórnarfolk lýsti almennt yfir ánægju með dagatalið.

Þá fjallaði Stefán um VR blaðið sem í dag er sent tvisvar á ári á pappírformi til 16 þúsund félaga og á rafrænu formi til 23 þúsund félaga og tíu þúsund utan félagsins að auki. Lestrarkönnun frá árinu 2019 bendir til þess að lestur á prentuðum eintökum blaðsins hafi dregist saman frá árunum þar á undan en fyrirhugað er að gera frekari kannanir á lestri blaðsins á árinu 2024.

Fyrir upplýsingar um kostnað, sjá skjalið „VR blaðið og dagatal VR“ í stjórnargátt.

Umræður.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:20

